

Ed.

**863. Frumvarp til laga**

[262. mál]

um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. maí.)

Samhljóða þskj. 518 með þessum breytingum:

10. gr. hljóðar svo:

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins skal vera sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Hlutverk hans er að efla lagmetisiðnaðinn m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vöruhegunda og markaðsöflun erlendis. Í þessu skyni er stjórn sjóðsins heimilt að veita framleiðendum lagmetis til útflutnings og Sölustofnun lagmetis óendurkræfa styrki eða lán með hagkvæmum kjörum samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins hverju sinni. Ekki má verja fé sjóðsins til rekstrarstyrkja eða lána.

Iðnaðarráðherra skipar Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins fimm manna stjórn og jafnmarga til vara með eftirfarandi hætti: Einn samkvæmt tilnefningu Sölustofnunar lagmetis eða síðar sölusamtaka lagmetisframleiðenda, einn samkvæmt tilnefningu Iðntæknistofnunar Íslands, einn skv. tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn skv. tilnefningu sjávarútvegsráðherra, sem sé á árinu 1981 valinn í samráði við Samtök grásleppuhrognaf framleiðenda og Sölusamtaka ísl. fiskframleiðenda, en síðar eftir ábendingu Sölusamtaka íslenskra fiskframleiðenda. Einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Á sama hátt fer um varamenn þeirra.

11. gr. hljóðar svo:

Tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins eru fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti.

Fullvinnslugjald þetta skiptist þannig:

- a) 1% af fob-verði saltaðra grásleppuhroгна og skal innheimta þessa gjalds falla niður 1. apríl 1982.
- b) 1% af fob-verði lagmetis.
- c) 3% af fob-verði saltaðra matarhroгна og frystra þorskhroгна.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjald í lögum nr. 5 13. febrúar 1976.

Enn fremur skal með sama hætti innheimta 1% gjald af fob-verði saltaðra grásleppuhroгна fram til 1. apríl 1982 og renni andvirði þess til Samtaka grásleppuhrognaf framleiðenda.

13. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum. I. kafli þessara laga, þ. e. greinar 1—8 að báðum meðtöldum, fellur úr gildi 31. desember 1982.